NÝSKÖPUN OG FORN FRÆGÐ

Sýning Listmálarafélagsins að Kjarvalsstöðum

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Þeir sitja ekki auðum höndum í íslensku akademíunni, Listmálarafélaginu. Í Galleríinu að Vesturgötu 17 sýna þeir með reglulegu millibili „það besta í íslenskri myndlist", eins og segir aftan á nýlegri sýningarskrá, en hafa nú auk þess tekið allan vestursalinn að Kjarvalsstöðum á leigu fyrir hópsýningu.

Ég hef áður látið í ljós þá skoðun mína að mér þykir Listmálarafélagið skrýtið fyrirbæri og gamaldags og nenni varla að útlista hana frekar. Hér stöndum við einfaldlega andspænis hópsýningu með öllum sínum kostum og göllum. Og hópsýningar geta víst aldrei orðið heilsteyptar. En þær geta verið skemmtilegar og fjölbreyttar, og það er sýning Listmálarafélagsins ekki nema að takmörkuðu leyti.

Endurnýjun

Ef á heildina er litið komast fígúratífir expressjónistar og landslagsmálarar betur frá sýningunni en afstraktmálararnir. Nýsköpun og hefð haldast betur í hendur í verkum hinna fyrrnefndu, meðan hinir síðarnefndu reiða sig á forna frægð og enn eldra myndmál. Þó er nokkrum afstrakt málurum gefið að endurnýja sig í hverju verki. Hér á ég fyrst og fremst við þá Kristján Davíðsson og Elías B. Halldórsson — hinn síðarnefnda með nokkrum fyrirvörum. Kristján ber varla liti á striga án þess að þeir slái neista hver af öðrum, og tekst að halda fullum dampi þótt myndflöturinn sé kominn upp í fimm fermetra. Elías B. hefur haft tilhneigingu til skreytni í verkum sínum, er ekki alveg laus við hana að þessu sinni, en nær samt að yfirstíga hana og tilheyrandi viðkvæmni í stórbrotinni myndgerð. Sjá „K/hvalræði" og „Blá saklaus".

Umfangsmeiri

Pétur Már Pétursson kannast ég ekki við, en verk hans lofa góðu. Listamaðurinn virðist í fljótu bragði binda trúss sitt við ýmsa sígilda afstrakt expressjónista, t.a.m. de Kooning, steypir saman frjálslega máluðum formum og líkamsleifum af talsverðu öryggi. Svo mikil eru umsvifin í myndum Péturs, að hann mætti að ósekju hugsa í umfangsmeiri verkum.

Af hinum hlutbundnu expressjónistum rísa þeir einna hæst bræðurnir Sigurður og Hrólfur, svo og Jóhannes Geir. Einkasýningar Jóhannesar Geirs er stuttlega getið hér á síðunni, og hef litlu að bæta við þá umsögn nema frekara lof. Sigurður virðist hins vegar allur færast í aukana sem myndlistarmaður í ellinni. „Vor í hrauninu" eftir hann er traust og hrífandi verk, og myndir Hrólfs hafa til að bera slagkraft langt umfram stærð. Það hefði þótt saga til næsta bæjar hér fyrir þrjátíu árum, að endurnýjunar íslenskrar málaralistar væri helst að vænta í landslagsmálverkinu. Svei mér þá ef ekki er eitthvað til í því.

-AI.



Jóhannes Geir við eitt verka sinna.

Í DAGSINS ÖNN

Sýning Jóhannesar Geirs

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

„Nú er rétti tíminn til að mála," segja málningarkaupmenn í bænum og keppast við að auglýsa aldeilis ótrúlegt úrval lita, pensla, lakka og aðskiljanlegra efnablandna. Brátt líður að því að þök, veggir og gluggapóstar lifni við eftir veturinn, og Reykjavík verður óumdeilanlega litríkasta höfuðborg Evrópu.

En besta litasjóið í bænum er nú samt að finna á sýningu Jóhannesar Geirs í Galleríinu að Vesturgötu 17.

Þar er listamaðurinn upp á sitt besta, með ótrúlegt úrval lita undir kontról, eins og kaupmennirnir mundu segja. Þurfa menn að vera sjóndaufir í meira lagi til að hafa ekki ánægju af töfrabrögðum listamannsins með olíu og pastelliti.

Sérstaða

Efniviður Jóhannesar Geirs hefur svosem ekki tekið miklum stakkaskiptum á undanförnum árum. Út um gluggann sinn sér hann Elliðaárstífluna í öllum veðrum, eða þá að hann skýst upp í Heiðmörk, jafnvel til Grindavíkur. Þetta eru sjaldnast ferðir út í óvissuna, því listamaðurinn veit hvað hann vill finna og finnur það. Við sjáum hesta og hestamenn, báta, álftir á flugi, gömul hús, en öll þessi mótíf eru sem nótnablöð sem Jóhannes Geir notar til að skrá á þau stef sem hann hefur verið að þróa í meir en aldarfjórðung. Þannig enda allar hugleiðingar um málara sem tjá sig gegnum liti: í meira og minna subjektífum tónlistarlíkingum. En þótt slíkar líkingar séu nærtækar, verður samt ekki horft framhjá því sem málað er, hinu friðsamlega sambýli manns og umhverfis, hinni hljóðu dagsins önn. Þessi sýning Jóhannesar Geirs markar að sönnu ekki tímamót á ferli hans, en hún staðfestir sérstöðu hans í íslensku myndlistarlífi.

AI



Elías B. Halldórsson — K/hvalræði (nr. 47).



Sigurður Sigurðsson — Vor í hrauninu (nr. 36).

VIKAN
er komin!


Misstu ekki VIKU úr lífi þínu!
VIKAN á öllum blaðsölustöðum